
Skýrsla regluvarðar Reykjavíkurborgar

fyrir tímabilið 15. september
2016 til 28. apríl 2017

Ívar Örn Ívarsson hdl., regluvörður
Grétar Þór Jóhannsson LL.M., staðgengill
regluvarðar



Efnisyfirlit

Inngangur	- 2 -
1. Staða regluvarðar hjá Reykjavíkurborg	- 3 -
2. Aðgangur regluvarðar að upplýsingum og gögnum	- 4 -
3. Ágreiningur um mat á upplýsingum	- 5 -
4. Upplýsingar sem birtar voru opinberlega á tímabilinu	- 5 -
5. Frestun birtingu innherjaupplýsinga	- 5 -
6. Mat regluvarðar á viðmiðum um hverja skal setja á lista yfir fruminnherja og hverjir skulu teljast til stjórnenda útgefanda	- 6 -
7. Hversu margir leituðu til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu sinnar vegna fyrirhugaðra viðskipta með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar	- 7 -
8. Viðskipti fruminnherja sem regluvörður hefur mælt gegn	- 7 -
9. Viðskipti án þess að rannsóknar- og/eða tilkynningarskyldu hafi verið sinnt	- 7 -
10. Fræðsla regluvarðar	- 7 -
11. Samskipti regluvarðar við Fjármálaeftirlitið	- 8 -
12. Einstök tilvik sem upp hafa komið	- 8 -
13. Önnur atriði	- 9 -



Inngangur

Reykjavíkurborg er útgefandi fjármálagerninga sem eru til sölu á skipulegum fjármálamarkaði og ber því lögum samkvæmt að hafa starfandi regluvörð og staðgengil hans. Regluvörður hefur umsjón með að reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé fylgt. Á fundi borgarráðs 15. september 2016 voru reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga (hér efir reglur Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga) samþykktar og öðluðust þær gildi sama dag. Reglurnar voru settar í samræmi við ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglur nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Tilgangur og markmið reglnanna er að tryggja að meðferð innherjaupplýsinga hjá Reykjavíkurborg sé í samræmi við lög og reglur sem gilda á verðbréfamarkaði og hefur regluvörður umsjón með framkvæmd reglnanna.

Regluverði ber eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, að útbúa og kynna skýrslu um framkvæmd regluvörslu fyrir borgarráð í samræmi við 8. gr. reglna nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Í 8. gr. reglna nr. 1050/2012 segir:

„Regluverði ber að leggja fyrir stjórn útgefanda skýrslu um framkvæmd regluvörslu svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

Í skýrslu regluvarðar gefur hann stjórn annars vegar yfirlit yfir störf sín og hins vegar greinir hann frá einstökum atriðum, ef tilefni er til. Í almennu yfirliti regluvarðar yfir störf hans skal m.a. getið um:

- 1. Stöðu regluvarðar hjá útgefanda,*
- 2. aðgang regluvarðar að upplýsingum og gögnum,*
- 3. ágreining sem verið hefur um mat á upplýsingum (m.t.t. innherjaupplýsinga), ef við á,*
- 4. upplýsingar sem birtar voru opinberlega á tímabilinu,*
- 5. hvort birtingu innherjaupplýsinga hafi verið frestað á tímabilinu og umfjöllun um mat regluvarðar frá frestunartíma, meðal annars m.t.t. varfærinnar meðferðar innherjaupplýsinga,*
- 6. mat regluvarðar á viðmiðum stjórnar um hverja skal setja á lista yfir fruminnherja og hverjir skulu teljast til stjórnenda útgefanda,*
- 7. hversu margir leituðu til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu sinnar vegna fyrirhugaðra viðskipta,*
- 8. hversu oft regluvörður hefur mælt gegn viðskiptum fruminnherja,*
- 9. hvort einhver viðskipti hafi átt sér stað án þess að rannsóknar- og/eða tilkynningarskyldu hafi verið sinnt,*
- 10. þá fræðslu sem regluvörður hefur sinnt og á hvaða hátt hún var veitt,*
- 11. samskipti regluvarðar við Fjármálaeftirlitið,*



12. einstök tilvik sem upp hafa komið, ef tilefni er til,

13. önnur atriði.

Þá getur regluvörður lagt fram skýrslu fyrir stjórn vegna einstakra álitafna ef tilefni er til.

Í framhaldi af skýrslu regluvarðar til stjórnar um framkvæmd regluvörslu skal stjórn útgefanda sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar hjá útgefanda ef þörf krefur.

Þegar regluvörður lætur af störfum, skal hann ávallt skila skýrslu til stjórnar um framkvæmd regluvörslu frá síðustu skýrslu fram til starfsloka.“

Í samræmi við ákvæði 8. gr. reglna nr. 1050/2012 getur hér að líta skýrslu regluvarðar frá skipun hans, þ.e. frá 15. september 2016 til 28. apríl 2017 (hér eftir tímabilið). Efnistöð og uppbygging skýrslunnar er í samræmi við upptalningu 2. mgr. 8. gr. reglna nr. 1050/2012.

1. Staða regluvarðar hjá Reykjavíkurborg

Regluvörður Reykjavíkurborgar sinnir starfi sínu innan þess lagaramma sem gildir um Reykjavíkurborg sem útgefanda fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Regluvörður hefur það hlutverk að hafa almenna umsjón með að reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja séu fylgt og rækir hann það hlutverk sitt í umboði borgarráðs. Regluvörður sér um að setja saman, viðhalda og senda Fjármálaeftirlitinu skrá yfir fruminnherja og tímabundna innherja, auk þess sem hann hefur eftirlit með viðskiptum innherja samkvæmt III. kafla laga nr. 108/2007.

Þrátt fyrir að regluvörður starfi í umboði stjórnar er í reglum nr. 1050/2012 lögð höfuðáhersla á að regluvörður sé sjálfstæður í störfum sínum. Til að sjálfstæði regluvarðar í störfum sé tryggt er nauðsynlegt að hann hafi; aðgang að öllum nauðsynlegum gögnum; fullnægjandi þekkingu til að geta sinnt starfi sínu á fullnægjandi hátt, t.d. á því hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga út frá þeim lögum og reglum sem gilda; og að önnur störf regluvarðar samrýmist hlutverki regluvarðar.

Á fundi borgarráðs 15. september 2016 var Ívar Örn Ívarsson, lögfræðingur fjármálaskrifstofu, skipaður regluvörður og Grétar Þór Jóhannsson LL.M., sérfræðingur innkaupadeildar, skipaður staðgengill regluvarðar. Hvorugur hefur með höndum starf sem tengist með beinum hætti vörslu eða gerð verðmyndandi fjárhagsupplýsinga hjá Reykjavíkurborg. Bæði regluvörður og staðgengill hans uppfylla hæfisskilyrði og hafa fullnægjandi þekkingu til að geta sinnt starfi



regluvarðar. Þá verður að telja að reglur Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsingar tryggja að regluvörður hafi aðgang að öllum nauðsynlegum gögnum líkt og vikið verður að í næsta kafla.

Með samþykkt reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga er ljóst til hvers er ætlast af regluverði og er sjálfstæði regluvarðar tryggt með fullnægjandi hætti með þeim reglum.

2. Aðgangur regluvarðar að upplýsingum og gögnum

Með 6. gr. reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga hefur regluverði verið tryggður ótakmarkaður aðgangur að þeim upplýsingum og gögnum sem regluvörður telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt starfi sínu. Þrátt fyrir að regluverði beri að hafa aðgang að öllum gögnum er ljóst að regluvörður getur ekki alltaf vitað um allt sem á sér stað sem talist gæti til innherjaupplýsinga og hvílir því sú skylda á starfsmönnum, stjórnendum og kjörnum fulltrúum að greina regluverði frá slíkum atriðum og halda honum upplýstum. Í 6. gr. er sérstaklega tekið fram að greina skuli regluverði tímanlega frá slíkum upplýsingum.

Jafnframt er í 6. gr. skilgreindar skyldur um að upplýsa regluvörð um hverskonar breytingar sem verða á störfum hjá aðilum sem hlotið hafa stöðu fruminnherja, s.s. ef starfsmaður lætur af störfum og/eða nýr aðili tekur við starfi sem fellur undir viðmið Reykjavíkurborgar um það hverjir skuli skilgreindir innherjar hjá Reykjavíkurborg. Jafnframt skal regluverði tilkynnt ef breytingar á starfi starfsmanna leiðir til þess að hann geti talist fruminnherji. Slíkar tilkynningar eru á ábyrgð næsta yfirmanns starfsmanns eða í tilviki kjörinna fulltrúa skrifstofu borgarstjórnar. Enn hefur regluverði ekki borist tilkynningar frá skrifstofu borgarstjórnar eða yfirmönnum vegna breytinga. Má það líklega að miklu leyti rekja til þess að regluvörður hefur ekki enn haft tækifæri til að kynna breytingar sem gerðar voru með reglunum fyrir þeim aðilum sem þessi skylda hvílir á. Er unnið að úrbótum á því eins og nánar verður rakið í kafla 10.

Að mati regluvarðar er aðgangur regluvarðar að upplýsingum og gögnum ágætlega tryggður.



3. Ágreiningur um mat á upplýsingum

Í 13. gr. reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga er að finna nokkuð tæmandi upptalningu á þeim upplýsingum sem geta talist innherjaupplýsingar hjá Reykjavíkurborg. Þar sem upptalningin er nær tæmandi ætti þeim sem vinna með fjárhagsupplýsingar að vera ljóst hvaða upplýsingar teljist innherjaupplýsingar. Hefur enginn ágreiningur komið upp um mat á upplýsingum á tímabilinu.

4. Upplýsingar sem birtar voru opinberlega á tímabilinu

Eftirfarandi upplýsingar voru birtar opinberlega á tímabilinu:

01.11.2016	Fyrirtækjafréttir	Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og 5 ára áætlun 2017 - 2021
14.11.2016	Fjárhagsdagatal	Tilkynning um áætlaða birtingu árshlutareiknings jan.-sept. 2016
21.11.2016	Fjárhagsdagatal	Breyting á áður áætlaðri birtingu árshlutareiknings fyrir tímabilið jan.-sept. 2016
01.12.2016	Reikningsskil	Árshlutareikningur fyrir tímabilið jan.-sept. 2016
15.12.2016	Fyrirtækjafréttir	Útgáfuáætlun fyrir fyrri hluta árs 2017
06.02.2017	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Tilkynning um útboð í skuldabréfaflokki RVKN 35 1
09.02.2017	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Niðurstaða úr skuldabréfaútboði
06.03.2017	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Tilkynningu um að hætt hafi verið við skuldabréfaútboð 8. mars 2017
03.04.2017	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Tilkynning um útboð í skuldabréfaflokki RVKN 35 1
06.04.2017	Aðrar uppl. birtar í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Niðurstaða úr skuldabréfaútboði Reykjavíkurborgar
07.04.2017	Fjárhagsdagatal	Tilkynning um áætlaða birtingu ársreiknings 2016
27.04.2017	Reikningsskil	Ársreikningur 2016

5. Frestun birtingu innherjaupplýsinga

Meginregla laga nr. 108/2007 er að útgefendum fjármálagerna, sem teknir hafa verið til viðskipta á verðbréfamarkaði, ber að birta almenningi á EES-svæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða útgefandann eins fljótt og auðið er á jafnræðis grundvelli. Þó er heimilt að fresta birtingu slíkra upplýsinga til að vernda lögmæta hagsmuni útgefanda, svo



framarlega sem frestunin er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og útgefandi getur tryggt trúnað um upplýsingarnar. Frestun birtingar er á ábyrgð útgefanda og skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar heimild til frestunar er nýtt.

Engin ákvörðun var tekin um frestun birtingar innherjaupplýsinga á tímabilinu.

6. Mat regluvarðar á viðmiðum um hverja skal setja á lista yfir fruminnherja og hverjir skulu teljast til stjórnenda útgefanda

Samkvæmt 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga skal borgarráð setja viðmið um hverjir skuli skilgreindir fruminnherjar hjá Reykjavíkurborg. Samkvæmt greininni ber að endurskoða viðmiðið a.m.k. í upphafi hvers kjörtímabils. Núgildandi viðmið voru samþykkt 15. september sl.

Í bókun borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina við samþykkt núgildandi viðmiða sagði:

„Framsókn og flugvallarvinir fagna því að verið sé að bæta verklag í tengslum við meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga og ljóst er að fyrirspurn okkar frá 11. ágúst sl. hefur hvatt til og ýtt undir að þessi vinna hafi verið kláruð. Við teljum enn, í samræmi við tillögu okkar frá 11. ágúst sl., að mikilvægt sé að formenn allra nefnda og ráða borgarinnar séu sem fruminnherjar, en ekki aðeins kjörnir fulltrúar. Í tengslum við viðmið Reykjavíkurborgar um hverjir skuli skilgreindir sem fruminnherjar telur meirihlutinn að ekki sé þörf á því að formenn nefnda og ráða séu þar inni, því er ljóst að tillaga okkar verður felld þegar hún verður tekin fyrir á fundi borgarráðs.“

Innherjaupplýsingar eru skilgreindar í 120. gr. laga nr. 108/2007 sem „nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru[...]. Þá er hugtakið fruminnherji skilgreint í 121. gr. sömu laga sem aðili „sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga“. Að mati regluvarðar hafa formenn ráða og nefnda almennt ekki undir höndum innherjaupplýsingar og því ber ekki að skrá þá aðila sem fruminnherja.



Með vísan til þess að skammt er síðan að núgílandi viðmið var samþykkt telur regluvörður ekki tilefni til að endurskoða það að svo stöddu. Við endurskoðun í upphafi næsta kjörtímabils þarf að hafa í huga að viðmiðið skilgreinir ekki hvaða fruminnherjar skuli teljast stjórnendur Reykjavíkurborgar í skilningi 2. mgr. 13. gr. reglna nr. 1050/2012. Regluvörður hefur unnið útfrá skilgreiningu 3. mgr. 127. gr. laga nr. 108/2007 og hefur því vöntun á slíkri skilgreiningu ekki komið að sök.

7. Hversu margir leituðu til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu sinnar vegna fyrirhugaðra viðskipta með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar

Á tímabilinu hefur engin leitað til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu sinnar vegna fyrirhugaðra viðskipta með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar.

8. Viðskipti fruminnherja sem regluvörður hefur mælt gegn

Með vísan til þess að engin hefur leitað til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu sinnar vegna fyrirhugaðra viðskipta með fjármálagerninga Reykjavíkurborgar hefur regluvörður ekki mælt gegn viðskiptum fruminnherja á tímabilinu.

9. Viðskipti án þess að rannsóknar- og/eða tilkynningarskyldu hafi verið sinnt

Regluvörður hefur engar upplýsingar um að innherjar eða aðilar þeim fjárhagslega tengdir hafi átt viðskipti með skráða fjármálagerninga Reykjavíkurborgar án þess að rannsóknar- og/eða tilkynningarskyldu hafi verið sinnt. Ekki er til staðar opinber skrá um viðskipti með skráða fjármálagerninga og því getur regluvörður ekki sannreynt hvort nokkur viðskipti hafi átt sér stað án þess að rannsóknar- og/eða tilkynningarskyldu hafi verið sinnt.

10. Fræðsla regluvarðar

Í 2. mgr. 23. gr. reglna nr. 1050/2012 segir að regluvörður skuli sjá um fræðslu um lög og reglur er gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Auk þess að regluvörður skuli sérstaklega fræða fruminnherja útgefanda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti fruminnherja, annars vegar þegar viðkomandi aðilar fara á lista yfir fruminnherja og síðan



reglulega þar á eftir. Þá skal regluvörður meta hvaða starfsmenn, aðrir en fruminnherjar, skulu fá fræðslu um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja m.t.t. meðferðar innherjaupplýsinga hjá útgefanda og hugsanlegrar stöðu þeirra síðar sem tímabundnir innherjar.

Í hvert sinn sem regluvörður hefur skráð aðila á lista yfir fruminnherja hefur viðkomandi fengið bréf þar sem tilkynnt er um áhrif þess að vera skráður innherji og þeim skyldum sem því fylgir. Þeim aðilum sem fyrir voru skráðir fruminnherjar hefur ekki á tímabilinu verið sent sambærilegt bréf. Stefnt er að því að bætt verði úr því við næstu reglulegu yfirferð innherja sem nánar er vikið að í kafla 13. Þá óskaði regluvörður eftir því að innherjar færu yfir skráningu á fjárhagslega tengdum aðilum með tölvupósti, dags. 27. október sl. Samhliða voru innherjar minntir á að tilkynna ber allar breytingar á fjárhagslega tengdum aðilum þegar í stað til regluvarðar.

Líkt og fram kemur í kafla 2. hefur regluvörður ekki haft tök á að kynna fyrir stjórnendum og öðrum sem málið varðar þær breytingar sem gerðar voru með samþykkt reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga. Vonast er til að sú kynning geti farið fram við fyrsta hentugleika.

11. Samskipti regluvarðar við Fjármálaeftirlitið

Regluvörður hefur nokkrum sinnum á tímabilinu sent Fjármálaeftirlitinu uppfærðan lista yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum. Regluvörður hefur ekki átt önnur formleg samskipti við Fjármálaeftirlitið á tímabilinu.

12. Einstök tilvik sem upp hafa komið

Í kjölfar fundar regluvarðar og endurskoðenda Reykjavíkurborgar óskuðu endurskoðendur eftir upplýsingum frá regluverði með tölvupósti, dags. 30. mars sl. Í fyrsta lagi um hvort einhver veruleg atvik hafi komið upp fram til þess dags sem gætu haft áhrif á ársreikning Reykjavíkurborgar. Í öðru lagi upplýsingar um lista yfir fruminnherja og í þriðja lagi var óskað eftir afriti af lista yfir fjárhagslega tengda aðila fruminnherja ásamt drögum að bréfi til innherja sem regluvörður hafði kynnt á fyrrgreindum fundi. Regluvörður upplýsti með tölvupósti, dags. 31. mars sl., að engin tilvik hefðu komið upp sem gætu haft áhrif á ársreikning



Reykjavíkurborgar og jafnframt voru veittar upplýsingar um lista yfir fruminnherja sem birtur er opinberlega á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti er Reykjavíkurborg sem útgefanda fjármálagerna sem eru til sölu á skipulegum fjármálamarkaði skylt að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum og skal Fjármálaeftirlitið halda skrá um þær upplýsingar sem útgefendur senda eftirlitinu. Samkvæmt 4. mgr. 128. gr. laga nr. 108/2007 skal Fjármálaeftirlitið gera upplýsingar um fruminnherja í innherjaskrá eftirlitsins opinberar en ekki er getið um aðrar upplýsingar og því verður að líta svo á að ekki sé til staðar lagaheimild til að birta þær upplýsingar eða afhenda þær öðrum en Fjármálaeftirlitinu, a.m.k. ekki án fyrirfram samþykkis viðkomandi aðila.

Að höfðu óformlegu samráði við Fjármálaeftirlitið tók regluvörður ákvörðun um að hafna beiðni um afhendingu á lista yfir aðila fjárhagslega tengdum fruminnherjum með vísan til ofangreindra forsenda.

13. Önnur atriði

Á tímabilinu hefur markvisst verið unnið að því að halda lista yfir fruminnherja uppfærðum og réttum á hverjum tíma miðað við viðmið sem samþykkt voru í borgarráði 15. september 2016 og vegna tilfallandi atvika, s.s. breytinga á störfum starfsmanna o.s.frv. Jafnframt var gerð tilraun til að fá innherja til að yfirfara skráningu á fjárhagslega tengdum aðilum. Með tölvupósti 27. október 2016 til innherja óskaði regluvörður eftir því að honum yrði sendar upplýsingar um fjárhagslega tengda aðila. Samhliða voru innherjar minntir á skyldu sína um að tilkynna breytingar á fjárhagslega tengdum aðilum til regluvarðar þegar í stað. Skemmst er frá því að segja að regluverði bárust eingöngu upplýsingar frá litlum hluta innherja.

Samkvæmt 4. mgr. 11. gr. reglna Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga ber regluverði að minna innherja á að yfirfara skráningu á fjárhagslega tengdum aðilum a.m.k. á sex mánaða fresti. Á næstu dögum mun regluvörður senda hverjum og einum innherja tölvupóst með upplýsingum um fjárhagslega tengda aðila og óska eftir því að innherjar staðfesti upplýsingarnar



Reykjavíkurborg
Regluvörður

eða geri viðeigandi breytingar á þeim. Er vonast til þess að það muni skila betri árangri en í síðasta tilraun.